

Skíðasamband Íslands

Þinggerð 76. Skíðapings



Haldið í Ráðhúsi Garðabæjar
10. og 11. október 2025

Efnisyfirlit

Föstudagur 10. október	1
1) Þingsetning	1
2) Kosning þingforseta	1
3) Kosning þingritara	1
4) Ávörp gesta	1
5) Kosning í kjörbréfanefnd	2
6) Heiðursviðurkenningar SKÍ	2
7) Skýrsla stjórnar og nefnda	2
8) Ársreikningur SKÍ	2
9) Álit kjörbréfanefndar	2
10) Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga	3
11) Afgreiðsla reikninga	3
12) Fjárhagsáætlun lögð fram	3
13) Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	3
14) Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	4
Laugardagur 21. október	4
15) Tillögur og ályktanir afgreiddar	5
16) Kosningar: Formaður, þrír í stjórn, form, alpagreina, skíðgöngu, brettanefnda, skíðaskotfimi. Tveir skoðunarmenn. Ársreikninga og tveir til vara	17
17) Úthlutun móta – formenn nefnda	18
18) Önnur mál	18
19) Þingslit	18

Föstudagur 10. október

1) Þingsetning

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ, setti 76. þing SKÍ og bauð gesti og þingfulltrúa velkomin.

2) Kosning þingforseta

Formaður lagði til Friðrik Einarsson, fyrrum formann SKÍ, sem þingforseta.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti, Friðrik Einarsson, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Engin andmæli þingfulltrúa.

3) Kosning þingritara

Þingritari: G. Daði Rúnarsson og Sigurður Hauksson sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

4) Ávörp gesta

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar biður gesti Skíðapings velkomna á fyrsta Skíðaping sem haldið er í Garðabæ. Almar flutti erindi um aðkomu íbúa og sveitarfélagsins að skíðaíþróttinni þó ekki sé íþróttafélag með skíðadeild í bænum. Almar minntist fjölda íþróttamanna sem hafa stundað íþróttina með glæsibrag sem eru Garðbæingar. Almar lagði áherslu á að Garðabær styddi uppbyggingu skíðasvæðanna sem hafi verið gert í mikilli samstöðu allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Óskar öllum góðs þings hér í Garðabæ.

(Erindi flutt að morgni 11. Október)

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, ávarpar 76. Skíðaping SKÍ.

Willum hrósar SKÍ fyrir afreksstefnuna sem unnið er eftir og afreksstarfið allt sem er í fullu samræmi við langtímamarkmið ÍSÍ en jafnframt mikilvægt starf unnið innan hreyfingarinnar er varðar lýðheilsu og forvarnir. Íþróttir eru að mati forseta ÍSÍ langbesta tækið sem við höfum sem samfélag til forvarna og mikilvægt að nýta það betur. Íþróttir þar sem samvera fjölskylna er undirliggjandi hafa ávalt heillað mikið og þær eru einstaklega mikilvægar fyrir íþróttahreyfinguna, og þannig íþróttir eru skíðin sannarlega. Forseti hvetur til nánara samtals við grasrós íþróttahreyfingarinnar heilt yfir og vill vera leiðandi í því samtali, þ.m.t. við SKÍ. Forseti ÍSÍ leggur áherslu á bætt samskipti gegnum grasrótina, héraðssamböndin, sérsamböndin og ÍSÍ þar sem sameiginleg markmið eru höfð að leiðarljósi. Hugarfar og samstaðan í skíðaíþróttinni er til fyrirmyndar og heillaði þingforseta þar sem umgjörð og styðningur við íþróttabörnin er í fyrsta sæti.

Frábær árangur skíðaíþróttarinnar lýsir sér vel með því að Íslendingar hafa átt þátttakendur á öllum vetrarólympíuleikum frá 1946. Erum sannarlega stolft af starfinu hjá SKÍ hjá ÍSÍ.

Árangur og áskornir eru jafnframt miklar í íþróttahreyfingunni og sjálfur heyrir Forseti ÍSÍ að sjálfböðastarf hafi aldrei verið erfiðara og það verður stóra verkefnið hjá ÍSÍ á komandi árum að hvetja til aukinnar þátttöku almennings.

Forseti ÍSÍ óskar nýjum stjórnaraðilum velfarnaðar í starfinu, þakkar fyrrum stjórnaraðilum fyrir þeirra framlag, og óskar aðilum til hamingju með heiðursviðurkenningar SKÍ, þakkar fyrir góðar móttökur og óskar öllum góðs dags.

5) Kosning í kjörbréfanefnd

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru Davíð Björnsson formaður, Guðmundur Guðjónsson og Krístrún Lind Birgisdóttir meðlimir.

Bls. | 2

Samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti kallar eftir kjörbréfum sem á að skila til ritara þingsins eða formann kjörbréfanefndar sem gengur til starfa.

6) Heiðursviðurkenningar SKÍ

Formaður veitti eftirtöldum heiðursmerki SKÍ fyrir vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar:

Silfurmerki SKÍ:

Ari Wendel. Skíðafélagið Ullur.
Jón Kornelíus. Íþróttafélag Reykjavíkur.
Garðar Þorvarðarson. Breiðablik
Stefán Árni Auðólfsson. Breiðablik
Catharine Van Pelt. Víkingur
Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir. Víkingur

Gullmerki SKÍ:

Bjarni Th. Bjarnason. Formaður SKÍ 2019 - 2025.
Kristinn Gíslason. Íþróttafélag Reykjavíkur.
Guðmundur Gunnlaugsson. Ármann.

Heiðurskross SKÍ:

Egill T. Jóhannsson. Ármann og fyrrverandi formaður SKÍ.

Kristinn Gíslason tekur til orðs, fer yfir ferilinn og þakkar fyrir mikinn heiður.

7) Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Bjarni Th. Bjarnason*, þakkar starfsmönnum sambandsins fyrir góðan undirbúning fyrir Skíðapingið. Bjarni fór í framhaldinu fór yfir skýrslu stjórnar, en ræða hans er birt á heimasíðu sambandsins sem og skýrsla stjórnar.

Sigurður Nikulásson, formaður, fór yfir skýrslu alpagreinaneftndar.

Einar Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu skíðagöngunefndar.

Aðalsteinn Valdimarsson, formaður, fór yfir skýrslu brettanefndar

Veronika Lagun, formaður, fór yfir skýrslu skíðaskotfimi.

8) Ársreikningur SKÍ

Sigurður Hauksson, framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða ársreikninga 2024 og fór ítarlega í gegnum helstu niðurstöður. Ársreikningur er birtur á heimasíðu sambandsins.

9) Álit kjörbréfanefndar

Davíð Björnsson, formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar.

37 atkvæði þingfulltrúa eru gild af 39 mögulegum atkvæðum sem höfðu þátttökurétt á þinginu. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar og breytingar á dagskrá) þarf því 25 atkvæði en skipting við hreinan meirihluta atkvæða miðast við 19 atkvæði.

10) Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Þingforseti óskaði eftir athugasemdum eða umræðu um skýrslu stjórnar frá þingfulltrúum.

Bls. | 3

Engar athugasemdir við skýrslu stjórnar, nefnda eða ársreikning.

11) Afgreiðsla reikninga

Þingforseti bar ársreikning sambandsins 2024 undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

12) Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 var kynnt af Sigurður Haukssyni *framkvæmdastjóra SKÍ*, en öll þingskjöl voru send aðildarfélögum SKÍ með lögbundnum fyrirvara.

Fjárhagsáætlun var lögð fram miðað við óbreytt gegnumstreymi tekna og væntanlegar tekjur frá ÍSÍ auk greiðslna frá alþjóðaskíðasambandinu. Lögð fram með þeim fyrirvara.

13) Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 2 – Tillaga að skipun vinnuhópa – stjórn skí

- Allar nefndir

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að lagabreytingu á 2. m.gr. 1. Gr. – frá stjórn SKÍ

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 4 – Fjárhagsáætlun 2026. Vísað til allra nefnda.

- Allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ alpagreinum – AGN

- Alpagreinaneftnd.

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingum á reglugerð bikarkeppni SKÍ í alpagreinum – frá Skíðadeild Ármanns

- Alpagreinaneftnd

Þingskjal nr. 7 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SFÍ

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að breytingum á reglugerð um vegalengdir á landsmóti skíðagöngu - frá SFÍ

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að breytingum á reglugerð um stigakerfi í bikarmótum SKÍ í skíðagöngu – frá SFÍ

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 10 – Tillaga til Skíðapings : Seljalandsdalur hljóti stöðu þjóðarleikvangs í skíðagöngu - frá SFÍ

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Bikarmót í skíðagöngu – frá SKA

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að breytingum á reglugerð um skíðamót Íslands í skíðagöngu – Frá SKA

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 13 – 21 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN

- Vísað til Skíðagöngunefndar

Þingskjal nr. 22 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum – frá SBN

- Vísað til Snjóbrettanefndar

Þingskjal nr. 23 – Tillaga til breytinga á Reglugerð um snjóbrettamót Íslands - frá SBN.

- Vísað til Snjóbrettanefndar

Þingskjal nr. 24 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.

- Vísað til Skíðaskotfiminefndar

Þingskjal nr 25 – 31 Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd

- Vísað til Skíðaskotfiminefndar

Þingskjal nr 32 – tillaga að breytingu á lögum SKÍ vegna umsóknar að fullri aðild að IBU – frá skíðaskotfiminefnd

- Allsherjarnefnd og Skíðaskotfiminefndar

Bls. | 4

Borist hefur tillaga til þingsins sem fram er kominn eftir að lögbundnum frestur er liðinni fyrir þingskjöl og tillögur fyrir þingið. Tillagan þarf því stuðning 2/3 hluta þingfulltrúa til að vera tekið fyrir sem mál.

Tillaga er frá Skíðafélagi Akureyrar varðandi það að kjörskrá sambandsins verði opnuð að nýju þrátt fyrir að framboðsfrestur sé liðinn og opnað verði fyrir framboð til formanns skíðasambandsins á 76. Skíðáþingi. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði.

32 atkvæði samþykkja tillöguna af 37 atkvæðum og telst því samþykkt í samræmi við 5. grein laga Skíðasambands Íslands. Óskað er eftir því að framboð til formans berist framkvæmdastjóra SKÍ fyrir 12:00 þann 11. Október.

14) Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar 19:45

Á þinginu voru fimm nefndir: Alpagreinanefnd, Skíðagöngunefnd, Snjóþrettanefnd, Skíðaskotfiminefnd og Allsherjarnefnd.

Tillaga stjórnar um formenn, en þingfulltrúar taka sæti í nefndum eftir eigin áhuga:

- Alpagreinanefnd – Sigurður Sveinn Nikulásson
- Skíðagöngunefnd – Einar Ólafsson
- Snjóþrettanefnd – Aðalsteinn Valdimarsson
- Allsherjarnefnd – Gísli Reynisson
- Skíðaskotfiminefnd - Veronika Lagun

Allir nefndir tóku til starfa og unnu til um 22:00 og aftur frá 9 til 10 næsta dag.

Þingfundi frestað til morguns kl. 12:00.

Laugardagur 11. október

Að loknum fundi nefnda á laugardagsmorgni var haldinn almennur og vel heppnaður umræðufundur um málefni alpagreina, aðstöðumál og önnur mál hreyfingarinnar undir fundarstjórn þingforseta.

Þingforseti býður Atla Stein velkominn í pontu að flytja erindi um aðstöðumál á höfuðborgarsvæðinu. Atli Steinn kemur frá menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar þar sem skíðaaðstaða á höfuðborgarsvæðinu heyrir undir fagsvið Útilífsborgarinnar. Um er að ræða aðstöðu til skíðagöngu í landi Reykjavíkur, ásamt skíðabrekkum í Breiðholti, Grafarholti og Elliðaárdal.

Þingforseti þakkar Atla Stein fyrir gott erindi.

Þingforseti bíður Fannar Gíslason, formann SKA, velkominn í pontu að fylgja erindi um aðgerðaráætlun í Hlíðarfjalli til að fjölga opnunardögum.

Þingforseti þakkar Fannari fyrir gott erindi.

Bls. | 5

Þingforseti bíður Egil Inga velkominn í pontu að flytja erindi um leiðbeiningar fyrir þjálfara og stjórnendur um langtíma þróun íþróttamanna.

Þingforseti þakkar Agli Inga fyrir gott erindi.

Þingfundi framhaldið kl. 12:25.

Þingforseti setur framhald þingsins.

Þingforseti tekur til máls. Í samræmi við samþykki Skiðapings þar sem kjörskrá var opnuð á nýju hefur borist nýtt framboð til formanns SKÍ frá Gísla Reynissyni til viðbótar við áður fram komið framboð Einars Ólafssonar.

Þingforseti bíður frambjóðendum að halda framboðsræðu fyrir Skiðaping og býður Gísla í pontu fyrstan frambjóðenda.

Gísli Reynisson heldur framboðsræðu.

Einar Ólafsson heldur framboðsræðu.

Þingforseti þakkar fyrir góðar ræður og tekur fram að hljóti framboð Gísla brautargengi vant frambjóðenda til stjórnar SKÍ þar sem hann var einn þriggja meðstjórnenda í framboði til stjórnar SKÍ á 76. Skiðapingi.

Þingforseti gerir hlé á þingfundi til 13:30.

Þingfundi framhaldið kl. 13:30.

Þingforseti setur framhald þingsins.

15) Tillögur og ályktanir afgreiddar

Gísli Reynisson formaður allsherjarnefndar tók til máls.

Þingskjal nr. 2 – Tillaga að skipun vinnuhópa – Stjórn skí

Allsherjarnefnd leggur til skipun vinnuhópa

Skiðaping samþykkir að stjórn SKÍ skipi í a.m.k. fjöggra manna vinnuhópa.

1. Hæfileikamótun:

Vinnuhópar setji fram hæfileikamótunaráætlun fyrir allar keppnisgreinar innan SKÍ.

Vinnuhópar skulu styðjast við og taka mið af nýjustu leiðbeiningum og upplýsingum sem til eru en vinnuhópar koma sér saman

um það efni sem á að rúmast innan slíkrar áætlunar. Markmiðið er að afurð vinnuhópanna nýtist sem best fyrir keppnisgreinar innan SKÍ.

1. Aðstöðumál:

Vinnuhópur geri heildarúttekt á aðstöðumálum til æfinga í öllum keppnisgreinum innan SKÍ. Vinnan taki mið af og hafi til hliðsjónar skýrslu Fannars Gíslasonar sem leit dagsins ljós í upphafi árs 2025. Að öðru leyti mótar vinnuhópurinn sjálfur hvernig úttektin verður uppbyggð. Markmiðið er að afurð vinnuhópsins eigi erindi til bæjarfélaga sem reka skíðasvæði, til skíðafélaga, til ÍSÍ og til ráðherra menntamála ásamt öðrum aðilum sem málinu geta tengst s.s. ferðaþjónusta ofl..

Leitast skal eftir a.m.k. einum aðila frá hverjum landsfjórðungi í hvorn vinnuhóp. Tryggja skal jafnvægi milli allra greina.

Vinnuhópar skulu skila af sér skýrslu/áætlun sem verður lögð fyrir næsta skíðaþing.

Niðurstaða allsherjarnefndar: Samþykkt með breytingum

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.
Breytingartillaga samþykkt

Þingforseti ber þingskjalið í heild sinn undir atkvæði
Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að lagabreytingu á 2. mgr. 1. Gr. – frá stjórn SKÍ
Allsherjarnefnd leggur til að verði lagt fyrir þingið til ákvörðunar

- I. 2. mgr. 1 gr. hljóðist svo:
Aðsetur og varnarþing SKÍ er í Reykjavík.
- II. Núverandi 2. mgr. 1. gr. falli niður.

Þingforseti ber þingskjalið undir atkvæði
Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 4 – Fjárhagsáætlun 2025. Vísað til allra nefnda.
Allsherjarnefnd leggur til breytingar á fjárhagsáætlun.

Breytingartillaga að bætt verði 1.2 milljónir við fjárhagsáætlun vegna skíðaskotfimi til útbreiðslu og uppbyggingar sem komi af áætluðum hagnaði.

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.
Breytingartillaga samþykkt

Þingforseti ber fjárhagsáætlun í heild sinn undir atkvæði
Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ alpagreinum – AGN
Formaður Alpagreinanefndar kynnir þingskjalið og leggur til að tillagan sé samþykkt

Á FIS mótum 16 ára og eldri skulu 4 fyrstu mót vetrar auk SMÍ í hverri grein vera notuð til útreiknings bikarstiga.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Bls. | 7

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingum á reglugerð bikarkeppni SKÍ í alpagreinum
Formaður Alpagreinaneftndar kynnir þingskjalið og leggur til að tillagan sé samþykkt

1. Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Tillögur varðandi breytingu á reglu 1 og 5 er varðar keppnisflokka og verðlaun.

1.-gr: Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í alpagreinum í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

1.gr breytingartillaga:

Fella út keppnisflokkinn 18-20 ára hjá báðum kynjum.

5.gr breytingartillaga:

Fella út verðlaun í flokki 18-20 ára hjá báðum kynjum

2. Reglugerð um Skiðamót Íslands í alpagreinum

Tillögur varðandi breytingu á grein 7 og 8 er varðar keppnisflokka og verðlaun.

7.gr breytingartillaga:

Fella út keppnisflokkinn 18-20 ára hjá báðum kynjum.

8. gr breytingartillaga:

Fella út verðlaun í flokki 18-20 ára hjá báðum kynjum

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7 – Tillaga að breytingum á reglugerð um íslandsgönguna – frá SFÍ
Gönguskiðanefnd kynnir tillöguna og leggur til að tillagan verði samþykkt breytt

Í stað orðanna „eigi síðar en 5. janúar ár hvert“ sem fjallar um skráningu liða komi „ og skulu stig liðs byrja að telja eftir að skráning þess er móttækin“. Ekki er sérstök ástæða til að stoppa lið frá því að skrá sig þegar tímabilið er hafið, en þó er ekki hægt að taka inn stig sem meðlimir þess hafa unnið sér inn fram að skráningu liðs.

Þá bætist við eftirfarandi setning aftast í 6. gr.: „Listi yfir skráð lið er birtur á síðu Íslandsgöngunnar og uppfærður eftir því sem skráningar bætast við.“

Þingforseti ber undir breytingartillögu um að falla frá 10. Grein og 7. Grein og eftir standi tillaga um 6. Grein.

Samþykkt samhljóða

Þingforseti ber þingskjal í heild sinn undir atkvæði með samþykktum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

Bls. | 8

Þingskjal nr. 8– Tillaga að breytingum á reglugerð um vegalengdir á landsmóti skíðagöngu - frá SFÍ
Gönguskíðanefnd kynnir tillöguna og leggur til að henni verði hafnað.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Tillagan felld.

Þingskjal nr. 9 – Tillaga að breytingum á reglugerð um stigakerfi í bikarmótum SKÍ í skíðagöngu – frá SFÍ

Gönguskíðanefnd kynnir tillöguna og leggur til að henni verði breytt.

Aðalþing SKÍ samþykkir að í bikarmótum Skiðasambands Íslands, þar sem 5 mót eru haldin (þar á meðal Skíðamót Íslands), teljist einungis 4 bestu úrslit hvers keppanda til stigasöfnunar til bikarmeistara.

Breytingartillaga gönguskíðanefndar á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu, 2 kafli :
útreikningur á bikarstigum, 1. Málsgrein :

Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum og Skíðamóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita nema liðasprettur á UMÍ og SMÍ. **Til stigaútreikninga koma til úrslita allar keppnir, að undanskildum 2 stigalægstu.**

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.

Breytingartillaga samþykkt

Þingforseti ber þingskjalið í heild sinn undir atkvæði

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 10 – Tillaga til s

Skíðapings: Seljalandsdaldur hljóti stöðu þjóðarleikvangs í skíðagöngu - frá SFÍ

Tillaga Skíðagöngunefndar og Allsherjarnefndar að fella tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Tillagan felld.

Þingforseti ber upp tillögu að vísa málinu til vinnuhóps.

Tillagan samþykkt.

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Bikarmót í skíðagöngu – frá SKA

Tillaga Skíðagöngunefndar að breyta tillögunni.

Fjöldi móta skal vera að lágmarki 3 en að hámarki 4 auk SMÍ. 2 Bikarmót með þremur keppnisdögum og 2 Bikarmót með 2 keppnisdögum auk SMÍ (Tillaga að b

reytingu eftir umræður í nefnd, að málsgrein verði eftirfarandi; „**Fjöldi móta skal vera að lágmarki 3 en að hámarki 4 auk SMÍ. 3 Bikarmót með þremur keppnisdögum og 1 Bikarmót með 2 keppnisdögum auk SMÍ.**“

Umræður í skíðagöngunefnd 10.10

Lögd til breyting á tillögunni og að tillaga verði samþykkt með breytingum.

Bls. | 9

Fjöldi móta skal vera að lágmarki 3 en að hámarki 4 auk SMÍ. 3 Bikarmót með þremur keppnisdögum og 1 Bikarmót með 2 keppnisdögum auk SMÍ

Breytingartillaga samþykkt með öllum nema 1 atkvæði

Þingforseti ber þingskjalið í heild sinn undir atkvæði

Samþykkt með öllum nema 1 atkvæði

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að breytingum á reglugerð um skíðamót Íslands í skíðagöngu – Frá SKA
Tillaga Skíðagöngunefndar að samþykkja tillöguna

Tillaga um breytingu á síðustu málsgrein 7.greinar um liðasprett.

7.grein lokamálsgrein er:

Keppt verður til Íslandsmeistara í liðaspretti og 20 km skiptigöngu á einhverju af bikarmótum vetrarins, sem verða ákveðin með mótatöflu.

Tillaga um að 7.grein lokamálsgrein verði:

Keppt verður til Íslandsmeistara í liðaspretti. Keppt skal í liðaspretti 13-16 ára, karla-, og kvennaflokki og 17 ára og eldri, karla-, og kvennaflokki og 20 km skiptigöngu á einhverju af bikarmótum vetrarins, sem verða ákveðin með mótatöflu.

Rökstuðningur:

Eftir að UMÍ og SMÍ sameinaðist í skíðagöngu hefur samt verið keppt í liðaspretti 13-16 ára saman strákar og stelpur, en tel rétt að breyta því til samræmis miðað við fullorðins flokka eða 17 ára og eldri í liðaspretti.

Umræður skíðagöngunefndar 10.10

Tillagan snýr að því að breyta flokkaskiptingu þannig að verði kynjaskipt í yngsta flokki.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjöl nr. 13 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skíðagöngunefndar að fella tillöguna

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Tillagan felld.

Þingskjöl nr. 14– Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skíðagöngunefndar að breyta tillögunni

Breytingartillaga:

2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum í hefðbundinni skíðagöngu á sama vetri.

Breyting(Egill Guðm+SGN+Gylfi Ólafsson (SFÍ)):

2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sjö sjálfstæðum almenningsgöngum í hefðbundinni skíðagöngu á sama tímabili. Síðasta ganga tímabilsins er Fossavatnsgangan. Nefnd leggur til eftirfarandi viðbót; **þau mót sem eru seinna sama vor teljast til stiga næsta tímabils.**

Rökstuðningur:

Fossavatnsgangan var lengi vel síðasta ganga hvers vetrar og einskonar uppskeruhátíð seríunnar. Með þessu verður það þannig áfram. Fjallagangan eða Orkugangan verða þá fyrstu göngur tímabilsins ekki ólíkt því eins og er í Worldloppet og getur það þýtt aukið vægi þeirra í heildina. Mögulega mætti flýta Fjallagöngunni og hafa hana nær Fossavatnsgöngunni eða Orkugöngunni þannig að það náist samfella í skíðatímabilið.

Bls. | 10

Þingforseti ber breytingartillögu undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða

Þingforseti ber þingskjal í heild sinn undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 15 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN

Tillaga Skíðagöngunefndar að samþykkja vara-tillöguna

Þátttakendur fá stig fyrir hverja göngu. Sá sem vinnur hvern aldursflokk fær 10 stig, næsti 9 stig og svo framvegis. 10.- 14.sæti fá 1 stig hver. Sjá töflu:

Sæti	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
Stig	20	15	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	1	1

Þingforseti ber breytingartillögu undir atkvæði.

Samþykkt með öllum nema 1 atkvæði

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt með öllum nema 1 atkvæði

Þingskjal nr. 16 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN

Tillaga Skíðagöngunefndar að samþykkja tillöguna

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 17 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN

Tillaga Skíðagöngunefndar er breytingartillaga

5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2024/2025*	2025/2026	2026/2027

17-34 ára	1991-2008	1992-2009	1993-2010
35-49 ára	1976-1990	1977-1991	1978-1992
50-64 ára	1961-1975	1962-1976	1963-1977
65 ára og eldri	1960 +	1961 +	1962 +

*Aldur miðast við almanaksárið 2025.

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

Breyting (Egill Guðm + SGN):

- Að lokinni hverri keppni Íslandsgöngunnar skulu veitt erðlaun fyrir þrjú efstu sætin í eftirtöldum flokkum karla og kvenna, sjá töflu (óbreytt). Þjóða skal öllum þátttakendum sem ljúka hverri göngu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Mótsstjórn hvernar göngu ákveður með hvaða hætti viðurkenningin er. Aldursflokkar eru ákvarðaðir samkvæmt meðfylgjandi

	2024/2025*	2025/2026	2026/2027
17-34 ára	1991-2008	1992-2009	1993-2010
35-49 ára	1976-1990	1977-1991	1978-1992
50-64 ára	1961-1975	1962-1976	1963-1977
65 ára og eldri	1960 +	1961 +	1962 +

*Aldur miðast við almanaksárið 2025. Aldursflokkur er miðaður við upphaf árs en ekki fæðingardag. Nái keppni í Íslandsgöngunni yfir tvö almanaksár miðast aldur við fyrri almanaksárið. T.d. ef fyrsta gangan er í apríl/máí 2026 og sú síðasta í apríl 2027, miðast aldur við 2026. Færsla á milli flokka er óheimil.

Sérstök verðlaun skulu veitt þeim sem taka þátt í sex göngum Íslandsgöngunnar og hlýtur sá aðili Gull viðurkenningu. Sá sem hefur tekið þátt í fimm göngum fær Silfur viðurkenningu. Sá sem tekur

Þátt í fjórum göngum fær Brons viðurkenningu. Ef einhver eða einhverjar göngur falla niður vegna veðurs eða snjóleysis eða annarra orsaka þá lækkar krafan um fjölda ganga í gull, silfur og brons viðurkenningu sem því nemur. Ef ein gangan fellur niður þá er gullviðurkenning = 4 (breyting; 5 göngur, innsláttarvilla) göngur o.s.frv. SKÍ greiðir fyrir verðlaun í samanlögðum árangri í einstaklings, ~~para- og liðakeppni~~ (tillaga að breytingu; **og liðakeppni**) hvers árs og sér um að útbúa viðurkenningar fyrir gull, silfur og brons viðurkenningu.

Bls. | 12

Rökstuðningur:

Auka þátttöku og búa til meiri hvata til að vinna sér inn aukaviðurkenningu (gull, silfur og brons)

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 18 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skiðagöngunefndar að fella tillöguna

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Tillagan er felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 19 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skiðagöngunefndar að breytingartillögu

Verðlaun skulu veitt stigahæsta liði Íslandsgöngunnar í verðlaunahófi síðustu göngu mótaráðarinnar Einnig er sigurliðinu afhentur farandbikar til varðveislu í eitt ár auk minni eignarbikars. SKÍ greiðir fyrir og er ábyrgt fyrir að útvega verðlaun fyrir síðustu göngu vetrarins auk útreiknings stiga.

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 20 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skiðagöngunefndar að breytingartillögu

Breyting (Egill Guðm):

8. Stefnt skal að því að mótin fari fram sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skiðagöngunefndar SKÍ fyrir **15. apríl ár hvert**. Skiðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.

Rökstuðningur:

Breyta dagsetningu úr 1.júní til 15. apríl til að geta útbúið mótadagskrána fyrir

Hafa sömu dagsetningu og fyrir bikarmótin

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 21 – Tillaga að breytingum á reglugerð um Íslandsgönguna – frá SGN
Tillaga Skíðagöngunefndar að fella tillöguna

Bls. | 13

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Tillagan er felld með þorra greiddra atkvæða.

Þingskjal nr. 22 – Tillaga að breytingum á reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum – frá SBN
Tillaga Snjóbrettanefndar er breytingartillaga við tillöguna

Um Bikarmót

1. Keppa skal í eftirfarandi flokkum hjá hvoru kyni:

Ártal	2025/2026	2026/2027	2027/2028
U13	2014/2013	2015/2014	2016/2015
U15	2012/2011	2013/2012	2014/2013
U17	2010/2009	2011/2010	2012/2011
ADULT	2012 og eldri	2013 og eldri	2014 og eldri

2. Halda skal tvö (2) bikarmót auk Snjóbrettamóts Íslands einnig skal halda tvö (2) Bikarmót í Rails

Fyrri bikarmót (FIS)	BA, SS og Rails	SS eða Rails val mótshaldara
Seinna bikarmót (FIS)	BA, SS og Rails	SS eða Rails val mótshaldara
Snjóbrettamót Íslands (FIS)	BA, SS og Rails	

Fyrri bikarmót Rails	Rails	
Seinna bikarmót Rails	Rails	

3. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslistum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við snjóbrettanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til snjóbrettanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal snjóbrettanefnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin og/eða ákveðnar greinar, getur snjóbrettanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti og/eða breytt greinum eftir aðstæðum.

5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.
7. Verðlaun á bikarmóti

Bls. | 14

Adult	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U17	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U15	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U13	Þrjú verðlaun af öllum kynjum

8. Verðlaun í lok hvers tímabils fyrir bikarmeistara:

Adult	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U17	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U15	Þrjú verðlaun af öllum kynjum
U13	Þrjú verðlaun af öllum kynjum

8. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður og/eða dómnefnd, sem skipaður/skipað er af SKÍ eða FIS, skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS.

Útreikningur á bikarstigum – Snjóþretti

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í öllum flokkum U11 og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrír efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings.

Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun: - U13 og eldri (öll kyn saman).

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Bls. | 15

Þingforseti ber þingskjal í heild sinn undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 23 – Tillaga til breytinga á Reglugerð um snjóþremtamót Íslands - frá SBN.

Tillaga Snjóþremtanefndar samþykkja tillöguna

1. Snjóþremtamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðstæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15 apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Snjóþremtamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Snjóþremtanefnd skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.nóvember . Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn og dómara skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista
6. Keppa skal í eftirfarandi greinu:

Snjóþremmi

SS	U13	U15	U17	Adult
BA	U13	U15	U17	Adult
Rails	U13	U15	U17	Adult

7. *Félög er hvött til þess að vera líka með keppni í yngri aldurshópum
8. Á Snjóþremmót Íslands verða krýndir íslandsmeistarar í eftirfarandi flokkum:
9. U13 í SS, BA og Rails
10. U15 í SS, BA og Rails
11. U17 í SS, BA og Rails
12. *Adult í SS, BA og Rails
13. *veitt skulu íslandsmeistaraverðlaun fyrir stigahæsta keppandann óháð aldri og í hverri keppnisgrein

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 24 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.

Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 25 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Bls. | 16

Þingskjal nr. 26 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 27 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 28 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 29 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að breytingartillögu.

Fella burt „Unglingameistaramót Íslands“ í eftirfarandi texta í 1.mgr.

Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í tvíkeppni í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum, Skíðamóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.

Þingforseti ber breytingartillöguna undir atkvæði
Samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber þingskjal í heild sinn undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 30 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.
Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 31 – Tillaga um bikarmót í tvíkeppni – frá skíðaskotfiminefnd.

Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Bls. | 17

Þingskjal nr 32 – tillaga að breytingu á lögum SKÍ vegna umsóknar að fullri aðild að IBU – frá skíðaskotfiminefnd

Tillaga Skíðaskotfiminefndar að samþykkja tillöguna.

Þingforseti ber þingskjal undir atkvæði.

Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið að koma tillögunni og nýjum lögum til yfirlstrar hjá ÍSÍ til samþykktar.

16) Kosningar: Formaður, þrír í stjórn, formenn: alpagreina, skíðgöngu, brettanefnda, skíðaskotfimi. Tveir skoðunarmenn Ársreikninga og tveir til vara

Þingforseti bar framboð undir atkvæði.

Formaður kosinn til tveggja ára.

Formaður kjörbréfanefndar tilkynnir úrslit kosninga. 37 atkvæði. Auð voru 1 atkvæði.

Einar Ólafsson : 7 atkvæði

Gísli Reynisson : 29 atkvæði

Þingforseti óskar nýjum formanni til hamingju með sigurinn.

Þingforseti bíður frambjóðendur til formanns alpagreinaneftndar að halda framboðsræður.

Formaður Alpagreinaneftndar kosinn til tveggja ára.

Formaður kjörbréfanefndar tilkynnir úrslit kosninga. 37 atkvæði. Auð voru engin atkvæði

Egill Ingi Jónsson : 12 atkvæði

Sigurður Sveinn Nikulásson : 25 atkvæði

Þingforseti óskar formanni Alpagreinaneftndar til hamingju með sigurinn.

Stjórn SKÍ kosin til tveggja ára:

Í framboði eru Ásgerður Þorleifsdóttir, Huguín Elvarsdóttir og Fjalar Úlfarsson. Sjálfkjörin.

Formaður Skíðagöngunefndar kosinn til tveggja ára.

Einungis er einn í framboði, Ólafur Björnsson. Sjálfkjörinn.

Formaður Snjóbrettanefndar kosinn til tveggja ára.

Einungis er einn í framboði, Aðalsteinn Valdimarsson. Sjálfkjörinn.

Formaður Skíðaskotfimi kosinn til tveggja ára.

Einungis er einn í framboði, Veronica Lagun. Sjálfkjörinn.

Varamenn (3) kosnir til tveggja ára í eftirfarandi röð. Sjálfkjörið.

Hallgrímur Davíð Björnsson, Breiðablik

Selma Árnadóttir, Ármann

Hulda Björk Haraldsdóttir, Skíðafélag Fjarðarbyggðar

Tveir skoðunarmenn ársreikninga og tveir til vara. Sjálfkjörið

Þórunn Sif Harðardóttir

Smári Þorvaldsson

Til Vara: Hrefna Magnúsdóttir, Sigrún Inga Kristinsdóttir

Bls. | 18

Skipan Aganefndar og Laga- og reglugerðanefndar :

Laga- og reglugerðanefnd: Elvar Jónsson, Ása Sandholt og Þórunn Sif Harðardóttir

Aganefnd: Elvar Unnsteinsson, Brynhildur Georgsdóttir og Smári Þorvaldsson

Samþykkt með lófaklappi.

17) Úthlutun móta – formenn nefnda

Liður felldur af dagskrá.

Samþykkt með lófaklappi.

18) Önnur mál

Alpagreinanefnd heldur stutta kynningu um afreksstarfs stúlkna á Íslandi og sýn þeirra á hvernig hægt er að leysa þá áskorun að bæta árangur í afreksstarfinu 16-20 ára stúlkna.

Bjarni Th. Bjarnason, fráfarandi formaður SKÍ, ávarpaði 76. Skíðaping. Óskar skíðahreyfingunni góðs gengis á komandi árum þó stefni ekki á að kveðja íþróttina og er alltaf tilbúinn að aðstoða nýkjörna stjórn og aðra aðila í skíðahreyfingunni. Þakka öllum sem hefur starfað með í stjórn skíðasambandsins, þjálfurum, nefndarfólki og aðilum í skíðahreyfingunni allri fyrir góða viðkynningu. Þakkar kærlega fyrir Skíðapingið og finnur að það er kraftur í hreyfingunni, bæði hér heima og um allan heim.

Einar Ólafsson tekur til orðs og óskar Gísla til hamingju með sigurinn í formannskjörinu. Þakkar fyrir samstarfið í stjórn á síðastliðnum árum og óskar allri hreyfingunni velfarnaðar.

Kristján Hauksson, Skíðafélag Ólafsfjarðar, þakkar fyrir gott þing og góðar umræður. Óskar nýjum formanni og nefndarfólki til hamingju með ný embætti. Þakkar Einari Ólafssyni fyrir sitt framlag til skíðaiþróttarinnar og sérstaklega skíðagöngunnar. Fjarðargangan er 40 ára og hvetur Kristján skíðaiðkenndur til að mæta á þessum merku tímamótum.

Steingrímur Hrafnsson, rekstraraðili Tindastóls, tekur til máls og vekur athygli á að Tindastóll stefnir að veita góða þjónustu og aðstöðu í vetur til skíðaiðkunnar.

Kristrún Lind Bergsdóttir, SKA, óskar nýrri stjórn til hamingju með ný embætti. Vekur athygli á að Andrés Andar leikarnir eru 50 ára í ár og hvetur nýja stjórn að mæta á þessum tímamótum til Akureyrar.

19) Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir góða áheyrn og þakkar fyrir gott þing.

Gísli Reynisson þakkar Skíðapingi fyrir traustið og heitir því að starfa af heillindum fyrir alla skíðaíþróttirnar. Þakkar Bjarna fyrir hans framlag síðastliðin 6.5 ár og Einar Ólafsyni sömuleiðis.

Gísli veitir Bjarna virðingarvott fyrir hans góðu störf og veitir honum jafnframt Gullmerki SKÍ.

Að því loknu sleit nýr formaður Skíðapingi 2025.

Bls. | 19

Þingforseti,
Friðrik Einarsson

Þingritarar,
G. Daði Rúnarsson og Sigurður Hauksson